

**Nd.**

**349. Nefndarálit**

[102. mál]

um frv. til l. um breyt. á l. nr. 75 27. apríl 1962, um Stofnlánadeild landbúnaðarins, landnám, ræktun og byggingar í sveitum.

Frá meiri hl. landbúnaðarnefndar.

Nefndin hefur rætt frumvarpið á fundum sínum og ekki orðið á eitt sátt um afgreiðslu þess. Ágúst Þorvaldsson skilar séráliti. Aðrir nefndarmenn leggja til, að frumvarpið verði samþykkt með breytingum, sem nefndin ber fram á sérstöku þingskjali. Lagt er til, að inn komi ný grein, sem kveði á um, að styrkur til íbúðarhúsa-bygginga á nýbýlum skv. 48. gr. hækki úr 40 í 50 þúsund. Jafnframt þótti rétt og eðlilegt að kveða nokkru skýrar að orði en gert er í 63. gr. laganna um þá, er til greina koma að hljóta byggingarstyrk til íbúðarhúsa á jörðum. Í lögunum stendur nú „örðugan fjárhag“, en nefndin leggur til, að við bætist: og hafa meðaltekjur eða lægri.

Karl Guðjónsson ritar undir með fyrirvara og áskilur sér rétt að fylgja brtt., er fram kunna að koma.

Nánar í framsögu.

Alþingi, 5. marz 1963.

Jón Pálmason,  
form.

Benedikt Gröndal,  
fundaskr.

Jónas Pétursson,  
frsm.

Karl Guðjónsson,  
með fyrirvara.